

171 Unglingum innan 14 ára er óheimill aðgangur að opinberum kvikmyndasýningum, er hefjast eftir kl. 20 á tímabilinu frá 1. október til 1. maí, nema í fylgd með foreldrum eða forráðamönnum.

4. gr.

Unglingum innan 16 ára aldurs er óheimill aðgangur að opinberum dansleikjum. Undanskildir eru þó dansleikir, sem sérstaklega eru ætlaðir börnum og unglingum, svo og dansleikir innanfélags hjá æskulýðsfélögum og skólafélögum.

5. gr.

Unglingum innan 16 ára er óheimill aðgangur að öldrykkjustofum. Einnig er þeim óheimill aðgangur að almennum kaffistofum eftir kl. 21, nema í fylgd með fullorðnum, sem bera ábyrgð á þeim. Eigendum og umsjónarmönnum ber að sjá svo um, að unglingar fái þar ekki aðgang eða hafist þar við.

6. gr.

Börnum á skólaskyldualdri er eigi leyfilegt að annast dreifingu og sölu blaða eða útburð bréfa meðan skóli starfar nema að fengnu samþykki barnaverndarnefndar.

7. gr.

Barnaverndarnefnd hefur heimild til að ákveða, að unglingar 12—16 ára skuli bera aldursskirteini.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að þremur árum. Auk refsingar má svipta mann réttindum samkv. almennum hegningarlögum, ef miklar sakir eru.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 29 1947, um vernd barna og ungmenna, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 2. september 1947.

Eysteinn Jónsson.

Birgir Thorlacius.

172
9. sept.

AUGLÝSING

um breyting á flokkunarreglum og iðgjaldaskrá Brunabótafélags Íslands frá 15. okt. 1932.

Við 11. gr.:

3. málsgr. 2 falli niður.

4. málsgr. a 2 falli niður.

4. málsgr. b 2 falli niður.

Í stað þess komi svo hljóðandi ákvæði, sem verður niðurlag 11. gr.:

Iðgjald af lausafé skal vera hið sama og reiknað er af húsinu, sem lausaféð er geymt í. Þó skal ekki reikna viðaukagjald það, sem um ræðir í 4. gr.: $\frac{1}{2}\%$ og $\frac{3}{4}\%$.

Breyting þessi, sem gerð er samkv. lögum nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá og með 15. október 1947.

Félagsmálaráðuneytið, 9. september 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.